

Skólaráðsfundur

1. fundur 2012 - haldinn 18. janúar 2012

Mættir: Guðmundur Guðbjörnsson og Hlökkver S. Oddsson sem fulltrúar nemenda. Linda Traustadóttir fulltrúi kennara, Þórunn Björk Einaradóttir og Ingibjörg Jóhannadóttir sem fulltrúar foreldra. Guðrún Kristinsadóttir sem fulltrúi starfsfólks í leikskóla. Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri. Ingibjörg Björnsadóttir fulltrúi foreldra boðaði forföll.

Fundurinn settur kl. 19:05

1. Skólastjóri kynnti nýja starfsáætlun Auðarskóla 2011-2012. Starfsáætlunin kemur full seint. Þótt svo að hún hafi verið aðgengileg á vefnum átti hún að vera fullkláruð strax í haust.
2. Skólastjóri kynnti áætlun um viðhald í Auðarskóla 2012. Ýmislegt er á áætlun og er það mjög ánægjulegt að vinna sé hafin.
3. Skólastjóri kynnti ytra mat á grunnskólanum. Þessi vinna er að hefjast og er skólanum að kostnaðarlausu. Óskar Sandholt og Bryndís Ásta Böðvarsadóttir hafa verið fengin í þessa vinnu. Þrír þættir verða metnir: a) stjórnun, b) nám og kennsla og c) innra mat grunnskóla. Auk þess verður tekin einn þáttur í viðbót sem ákveðinn var af fræðslunefnd; foreldrasamvinna.
Einnig er fyrirhugað að hafa skólaþing í tengslum við gerð ytra mats.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:55

Ingibjörg Jóhannadóttir
ritaði fundargerð